



Þessum gátlista er ætlað að undirbúa fyrirtæki og þann sem sér um tengingu við Greiðslusíðu fyrir úttekt Borgunar.

Vefverslun sem tengist Greiðslusíðu Borgunar þarf að uppfylla atriði sem varða almenna upplýsingagiöf og rétt korthafa. Tryggt þarf að vera að réttur aðili móttaki vöru og/eða þjónustu sem seld er og varðveita skal skjalfesta sönnun móttöku.

Fyrirtæki getur hringt í þjónustuver Borgunar og beðið um staðfestingu á nafni og heimilisfangi korthafa.

Hér neðar eru upptalin þau atriði sem könnuð eru í úttekt:

a) Fyrirtækjaupplýsingar:

- Nafn fyrirtækis
- Heimilisfang
- Sími
- Tölvupóstur
- VSK númer
- Opnunartími

b) Vöruskilmálar:

- Verð vöru/þjónustu m. VSK og öllum aukakostnaði
- Gjaldmiðil (ISO 4217, ísl.króna=ISK)
- Eiginleika vöru eða þjónustu sem samningurinn fjallar um
- Skilmála um vöruskil og endurgreiðslur
- Ábyrgð á vöru

c) Greiðsluupplýsingar:

- Hvort greiða megi með korti
- Tegundir korta sem seljandi veitir móttöku.
- Hver er heildarfjárhæð með VSK og sendingarkostnaði.
- Fær korthafi staðfestingu í tölvupósti þegar greiðsla er lokið

d) Ábyrgðarskilmálar:

- Fær korthafi upplýsingar um gildistíma ábyrgðar fyrirtækis/þjónustuaðila, ef við á?

e) Afhendingarskilmálar:

- Afhendingarmáta
- Afhendingartíma
- Flutningsaðila
- Sendingarkostnað

f) Leyfi eftirlitsaðila

- Ef starfssemi fyrirtækis er háð leyfum þurfa að koma fram upplýsingar um leyfi frá eftirlitsaðila/leyfisveitanda.

g) Áskriftarþjónusta

- Ef um er að ræða áskriftarþjónustu skal koma fram að um áskrift sé að ræða og vefsíða skal innihalda skilmála um hvernig á að slíta áskrift

h) Styrktarlína

- Ef um er að ræða styrk þarf að koma skýrt fram hvaða samtök er verið að styrkja

Fyrirtæki skal tryggja að skilmálar vefverslunar séu í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma.

Sem dæmi:

- Lög nr. 30/2002 um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu
- Lög nr. 46/2000 um húsgöngu- og fjarsölusamninga
- Reglur um verðupplýsingar í auglýsingum nr. 21/1995
- Viðskiptaskilmála Borgunar
- Viðskiptaskilmála greiðslumiðla
- PCI DSS – Payment Card Industry Data Security Standard

Allar fyrirspurnir skal senda með tölvupósti á fyrirtaeki@borgun.is eða með því að hafa samband við þjónustuver Borgunar í síma 560 1600.

BORGUN